



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 13/2010

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu  
Anas ehf. að fara að tilmælum  
Neytendastofu um verðmerkingar**

**I.**

**Málsmeðferð**

Hinn 17. desember 2009 kom starfsmaður Neytendastofu í verslunina Anas í Hafnarfirði, sem rekin er af Anas ehf., í þeim tilgangi að kanna ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar nr. 725/2008. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru þar sem hún er höfð til sýnis neytendum, þ.m.t. í búðargluggum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að verðmerkingar í verslun voru í góðu lagi en vörur í búðarglugga voru óverðmerktar.

Starfsmaður Anas kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þær athugasemdir sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Anas, dags. 23. desember 2009, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu tilmælum beint til Anas að koma verðmerkingum í betra horf að viðlögðum sektum.

Hinn 19. janúar 2010 var framkvæmd önnur skoðun hjá fyrirtækinu. Leiddi sú skoðun í ljós að ástand verðmerkinga í búðarglugga var óbreytt. Starfsmaður Anas kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þær athugasemdir sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.



Með bréfi Neytendastofu til Anas, dags. 16. febrúar 2010, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engar athugasemdir bárust Neytendastofu.

## II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Anas ehf., sem er rekstraraðili verslunarinnar Anas, ekki sinnt tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er svohljóðandi:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. mgr. 4. gr. verðmerkingareglanna:

*„Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða sölueiningu. Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Einnig er heimilt að verðmerkja vöru með hillumerki, skilti eða verðlista enda uppfylli slíkar verðmerkingar skilyrði 3. gr. þessara reglna.“*

Í 3. gr. reglnanna segir m.a.:

*„Verðmerkja skal vöru þar sem hún er höfð til sýnis, þ.m.t. í búðargluggum og þjónustu þar sem hún er boðin.*

*Verðmerkingin skal vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru eð þjónustu verðmerkingin vísar.“*



Samkvæmt ákvæðunum ber Anas að verðmerkja söluvörur sínar, þ.m.t. þær sem eru í búðarglugga.

Með því að verðmerkja ekki söluvörur í búðarglugga hefur Anas brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:*

*[...]*

*b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]*

*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“*

Með vísan til alls framangreinds þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Anas stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Anas ehf., Hörgsholti, Hafnarfirði, rekstaraðili verslunarinnar Anas, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, með því að hafa ekki verðmerkt vörur í búðarglugga fyrirtækisins. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Anas ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 26. mars 2010

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir